

LISTIR

Lokahnykkurinn


MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

VEG(G)IR
RAGNHEIÐUR
JÓNSDÓTTIR

Sýningaverkefni lokið.

FIMMTUDAGINN 18. þessa mánaðar áttu sér stað lok sýningaverkefnis að Kjarvalsstöðum er fékk heitið, Veg(g)ir, og blasað hefur við gestum undanfarna mánuði. Listamennirnir unnu það á staðnum, þannig að mögulegt var að fylgjast með ferlinu hjá hverjum einum frá upphafi til loka, heimtur reynslunnar því dýrmætar, en mesta agnúann má telja að málað var yfir verkin eftir starfslok hverju sinni og gestum ekki gefið tækifæri til að virða árangurinn fyrir sér í nokkra daga. Að vísu luku einhverjir sínum hlut fyrir tímann en það var naumast í kórreittum anda verkefnisins. Auðvitað má segja að yfirmálunin hafi verið hluti af hugmyndinni, en fáeinir dagar hefðu hvorki gert til né frá og einungis til ávinnings og áframhaldandi samræðu. Þá var erfitt að spá í sum verkanna á meðan þau voru í smíðum og þannig var það ekki fyrr en í lokin að framlag Gunnars Arnars sýndi réttan styrk sinn, og enn frekar varðandi Ragnheiði Jónsdóttur, en verk hennar virkaði alla tíð frekar dauft undir plastinu sem haldi það og verndaði þau skipti sem ég átti leið um. Ragnheiður vann það með koli, sem er mjög viðkvæmt og ekki mögulegt að koma við fixeringu fyrr en í lokin þar sem illkleift er að vinna áfram í teikninguna eftir það. Fixeringin skiptir líka miklu máli því þá fyrst öðlast ýmsir hinna veikari tóna dýpt sína og dókkar útlínur verða harðari og það virðist einnig hafa gerst í þetta sinn, hins vegar getur röng fixering haft háskalegar afleiðingar. Sumir listamenn hafa útilokað alla fixeringu því að við það haldast tónarnir mýkri og



Ljósmynd/Bragi Ásgeirsson

Hluti af veggverki Ragnheiðar Jónsdóttur.

opnari ásmt því að ljósnæmið verður meira, en það rýrir mjög endingargildi þeirra og sitthvað ófyrirsjáanlegt getur komið fyrir sem raskar heildarmyndinni. Nú veit ég ekki hvort mynd Ragnheiðar hafi verið fixeruð, láðist að grennslast fyrir um það, en hins vegar undraðist ég mjög umskiptin frá því nokkrum dögum áður. Í ljós kom mjög heildstætt verk, gætt mjúkum og finlegum hrynjandi ásamt margs konar tilbrigðum sem ekki voru greinanleg áður, og átti ég afar erfitt með að sætta mig við þá staðreynd að verkið yrði horfið daginn eftir. Málið er að það féll mjög vel að staðhættum og hefði átt að sannfæra einhverja um að slík vinnubrögð eiga fullan rétt á sér við lýsingu veggja, eru jafngild og dýrari efni til að mynda mósaik eða olfa, því það er árangurinn sem skiptir höfuðmáli en ekki efnið né umbúðirnar. Menn hafa velt því fyrir sér hvort þetta hafi verið stærsta teikning, eða öllu frekar myndriss, sem gert hefur

verið á Íslandi, en stærðin ein skiptir heldur ekki meginmáli þótt í sjálfu sér geri hún verkin rismeiri, gæði þau „monumentalitet“ eins og það er nefnt og má heimfæra við minjagildi er beri í sér mikilleika. Það hefði verið full ástæða að vera með meiri kynningu á staðnum, því þótt þetta allt eigi eftir að birtast í bók verða áhrifin aldrei söm og geta í sumum tilvikum verið villandi, rýmið og andrúmið ekki til staðar. Þar sem ég var erlendis á meðan Daði Guðbjörnsson var að ljúka sínu verki og verk Ráðhildar Ingadóttur fór illu heilli framhjá mér fæ ég aldrei réttan samamburð, en þó tel ég að mér sé óhætt að staðhæfa að síðustu tvö verkin hafi verið í mesta samræmi við rýmið og arkitektúrinn í samanlöguðu húsinu. Nú er að bíða útkomu bókarinnar, en í heild sinni tel ég að menn megi vel við una og framningurinn kunnir að hafa meiri þýðingu til lengri tíma lit en í fljóti bragði verður greint.

Bragi Ásgeirsson

Nýtt nám í form- og vörühönnun í Listaháskólanum

NÆSTA haust hefst í Listaháskóla Íslands nám í form- og vörühönnun. Námið tekur þrjú ár og lýkur með BA-gráðu og er þetta í fyrsta sinn sem nám á háskólastigi í faginu er í boði. Umsóknarfrestur rennur út föstudaginn 2. júní nk.

Katrín Pétursdóttir iðnhönnuður hefur umsjón með fyrsta ári námsins. Aðspurð um inntak námsins segir hún að á erlendum tungumálum myndi það vera kallað „product design“ – eða vörühönnun. „En þar sem þessi grein er svo stutt á veg komin hér á landi getur verið svolítið erfitt að finna réttu skilgreiningarnar. Innan námsins rúmast hönnun nýttjahluta, vörühönnun og iðnhönnun. Við erum að fara inn á þetta þrívíða svið sem er kennt við alla listaháskóla erlendis og raunar veit ég ekki um nokkra aðra slíka stofnun sem býður ekki upp á þetta nám, svo það var alveg tími til kominn að koma því á fót hér á landi,“ segir Katrín.

Vonandi opnast nýjar dyr í íslenskum iðnaði

Á fyrsta árinu sitja saman í alhliða hönnun nemendur í grafískri hönnun, textíl og vörühönnun, en upp úr því hefst sérhæfingin. Katrín segir að mikil áhersla verði lögð á hugmyndafræði og rannsóknvinnu, þá verði tekin fyrir hönnun sem aðferðafræði, farið í hönnunarferilinn og hann settur í samhengi við framleiðslu og markaðssetningu.

„Þetta er mjög stórt og mjög jákvætt skref sem nú er verið að taka

og er til marks um nýja tíma og nýjar áherslur. Um leið og farið er að kenna fag eins og þrívíða vörühönnun eða iðnhönnun hér á Íslandi á ég von á að það muni verða fljótt að smitast út í þjóðfélagið,“ segir Katrín, sem kveðst ætla að reyna að fá iðnaðinn til liðs við sig. „Vonandi opnast með þessu nýjar dyr í iðnaði hérna heima – það er draumurinn.“

Krómhillur

Ferskur nútímaestíll.
Ýmsar útfærslur.
Á tilboðsverði í máf.

RYMI

Háteigsvogi 7 Sími 511 1100

ChipsAway

Við málum rispurkar, ekki bilinn

Hvernig kemur billinn þinn undan vetri? Við gerum við rispurkar og sjáum um blettanir með efni sem gerir galdurinn. Þú sparar peninga og billinn er tilbúinn samdægurs. Frábær útkoma og varanleg.

Sjón er sögu ríkari

AK GUÐBERG EHF
Sími: 567 7523
Netfang: akchips@mmedia.is - Bildshöfða 14 Reykjavík

Sumar-TÖLVUNÁMSKEIÐ

Þekking í þína þágu

Námskeið fyrir 9-15 ára

Tölvusumarskólinn grunnur, 36 kennslustundir ritvinnsla, teikning, vélritun, Internetið, stýrikerfi, leikir o. fl.

Tölvusumarskólinn framh., 36 kennslustundir gagnagrunnar, vefsíðugerð, myndvinnsla, leikir o. fl.

Almenn námskeið

Windows 95/98, 9 kennslustundir grunnnámskeið um stýrikerfi tölvu.

Windows, Word og Excel, 22 kennslustundir námskeið fyrir þá sem vilja gott námskeið um helstu forritin og stýrikerfi tölvu.

Word ritvinnsla, 18 kennslustundir yfirgrípsmikið námskeið fyrir byrjendur og lengra komna.

Word II, 18 kennslustundir námskeið fyrir notendur með mikla reynslu af ritvinnslu sem lokið hafa Word námskeiði.

Excel töflureiknirinn, 22 kennslustundir vandað og gott námskeið um alla þætti töflureiknisins.

Excel II, 18 kennslustundir námskeið sem aðeins er ætlað þeim sem kunna mikið í Excel og hafa unnið lengi við hann.

Access gagnagrunnurinn, 22 kennslustundir yfirgrípsmikið námskeið fyrir þá sem vilja læra á þennan öfluga gagnagrunn. Kennit að smíða kerfi frá grunni.

Outlook, 9 kennslustundir yfirgrípsmikið námskeið um verkefnayfirlit, dagbókar-skráningu, póstsendingar og gerð minnismiða.

PowerPoint, 13 kennslustundir gagnlegt og skemmtilegt námskeið fyrir alla sem þurfa að útbúa kynningarefni, kenna eða halda fyrirlestra.

Internetið, 9 kennslustundir byrjendanámskeið um vefinn og tölvupóst.

Vefsíðugerð I, 22 kennslustundir grunnnámskeið um vefsíðugerð með FrontPage forritinu.

Vefsíðugerð II, 22 kennslustundir skemmtilegt framhaldsnámskeið um FrontPage.

Námskeið fyrir kennara

Netumsjón í skólum, 42 kennslustundir netfræði, búnaður, Windows 95/98, Windows NT.

Vefsíðugerð fyrir kennara, 42 kennslustundir vefsíðugerð, myndvinnsla, skönnun og fleira.

Námsefnisgerð, 42 kennslustundir notkun Word og PowerPoint við námsefnisgerð.

Netumsjón og lengra nám

Windows NT 4.0 netumsjón, 42 kennslustundir netfræði, búnaður, Windows 95/98, Windows NT.

Windows 2000 eða NT 4.0, 50 kennslustundir MCP námskeið á ensku fyrir þá sem vilja lengra.

Kerfisfræði TV, 380 kennslustundir eins árs yfirgrípsmikið nám hefst í september.

Netumsjón í nútímarekstri, 120 kennslustundir hálfis árs nám fyrir verðandi netsérfræðinga hefst í haust.

Tölvuumsjón í nútímarekstri, 145 kennslust. hálfis árs nám fyrir þá sem vilja verða færir tölvuotendur, hefst í september.

Góðar ástæður fyrir því að koma á námskeið okkar

5% staðgreiðsluafsláttur ef pantað er eitt námskeið og þátttökugjald greitt við byrjun námskeiðs.

10% staðgreiðsluafsláttur ef pöntuð eru 2-4 námskeið og þátttökugjald greitt innan 5 daga frá byrjun náms.

15% staðgreiðsluafsláttur ef pöntuð eru 5 eða fleiri námskeið og þátttökugjald greitt innan 20 daga frá byrjun náms.

Rammamningar eru gerðir við fyrirtæki sem kaupa 10 sæti eða fleiri.

Punktasöfnun veitir aukinn afslátt við hvert námskeið.

Símaástoð er innifalinn í einn mánuð eftir námskeið.

Góð staðsetning og næg bilastæði.

Öll námsgögn og veitingar innifaldar í þátttökugjaldi.

Nánari upplýsingar á <http://www.tv.is>

Grensásvogi 16
108 Reykjavík
Sími: 520 9000
Fax: 520 9009
Netfang: tv@tv.is



pöntunarsími
5209000
Símanúmer sem gott er að muna!

Tölvu- og verkfræðipjónustan